

HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Fundargerð 91. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis föstudaginn 8. febrúar 2013 haldinn á skrifstofu eftirlitsins í Bolungarvík kl. 12:00. Mættir voru: Anton Helgason, Hlynur Reynisson, Hildur Halldórsdóttir, Jón Reynir Sigurvinsson, Sólrún Geirsdóttir, Áslaug Alfreðsdóttir og Jón Hörður Elíasson í stöðugu símasambandi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2012
2. Gjaldskrá 2013
3. Ráðuneyti
4. Umhverfisstofnun
5. Matvælastofnun
6. Skipulagsmál
7. Sveitarfélög
8. Úr eftirliti
9. Starfsleyfi fyrirtækja
10. Tækifærisleyfi
11. Önnur mál

Dagskrá

1. Ársreikningur 2012. Heilbrigðisfulltrúi kynnti ársreikning heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2012. Heildar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður var kr. 25.264.775. Eftirlitsgjöld voru kr. 15.980.617. Heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir þeim liðum sem voru umfram áætlun. Heilbrigðisnefndin fjallaði um ársreikninginn og var hann samþykktur.
2. Gjaldskrá 2013. Framkvæmdastjóri leggur til að gjaldskrá verði hækkuð um 5%. Tvær breytur eru í gjaldskránni, annarsvegar gjald fyrir rannsóknir á sýnum og hinsvegar tímagjald. Heilbrigðisnefnd leggur til að gjald vegna sýna verði kr. 13.482 og tímagjald verði kr. 9.618 Heilbrigðisnefnd samþykkir að senda breytingu á gjaldskránni til sveitarfélaga til staðfestingar.
3. Ráðuneyti
 - ANR-Drög að frumvarpi atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis um breytingu á matvælalögum 93/1995 varðandi efni og hluti sem ætlað er að komi í snertingu við matvæli
 - UAR- breytingar á reglugerð nr 785 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur og reglugerð 786/1999 um mengunareftirlit.
4. Umhverfisstofnun
 - Afrit á bréfi Umhverfisstofnunar til UAR vegna kvörtunar um iðnaðarsvæðið við Móru á Barðaströnd, vegna erindis frá umhverfis og auðlindaráðuneyti. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið greinargerð frá heilbrigðiseftirliti. Fram kemur að heilbrigðiseftirlitið stofnaði til tveggja aðskildra mála vegna kvartananna og var í báðum tilfellum farið í eftirlit á svæðið. Niðurstaða var

að kvartanirnar ættu við rök að styðjast og var rekstraraðili áminntur í öðru tilvikinu og krafinn um úrbætur sem voru framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Vestfjarða og málinu lokið. Það er að mati Umhverfisstofnunar ljóst að kvartanir málshefjanda hafa fengið viðbrögð og hlotið afgreiðslu heilbrigðisnefndar. Bent er á að rísi ágreiningur um ákvarðanir heilbrigðisnefndar skal slíkum ágreiningi vísað til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála sbr. 31 gr. laga nr 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar vegna viðbragða Nesskeljar við áminningu.
- Afrit af eftirlitsskýrslu Umhverfisstofnunar vegna eftirlits með olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. á Ísafirði sem er með undanþágu ráðuneytisins frá starfsleyfi.
- Afrit af bréfi Umhverfisstofnunar, frávísun umsóknar Fiskimjölsverksmiðju Bolungarvíkur ehf.
- Arfrit af bréfi Umhverfisstofnunar til Bolungarvíkurkaupstaðar vegna urðunarsvæðis, stafesting á úrbótum móttækin, máli lokið
- Arfrit af bréfi Umhverfisstofnunar – Ábending um að undanþága Dýrfisks ehf sé að renna út.

5. Matvælastofnun

- Innköllun 15. janúar á klettsalati vegna illgresis sem olli eitrunareinkennum
- Tilkynning um markaðsetningu á fæðubótaefnunum Hafkrill og Hafró sem Hafkalk flytur inn.
- Innköllun 30. janúar á skólakæfu frá SS vegna framleiðslugalla.
- Evrópufréttir Mast 31. janúar 2013
- Fréttabréf Mast 6. febrúar 2013
- Framleiðsla og innflutningur umbúða fyrir matvæli, minnisblað.

6. Skipulagsmál

- Breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006-afmörkun vatnsverndar, jarðborun og reiðleiðir í Tálknafirði.
- Umsögn um deiliskipulag lóðar við Hlaðseyri Patreksfirði v. lóðar fyrir fóðurstöð Fjarðarlax
- Umsögn um skipulagslýsingu vegna vinnu við deiliskipulag fyrir Látrabjarg
- Umsögn um breytta starfsemi á fasteigninni Austurvegur 2

7. Sveitarfélög

- Vinnuferli fyrir lausamuni, númerslausar bifreiðar, bílflök og sambærilega hluti á almannafæri hjá Ísafjarðabæ. kynnt
- Kvörtun vegna hundahalds í Ísafjarðarbæ. kynnt

8. Úr eftirliti

- Olíuflutningabíll fór út af vegi á Hjallahálsi þann 17.janúar 2013, engin olía lak úr bílnum –Athuga ber að þetta er þriðja óhappið sem tengist olíuflutningum á vegum á einu ári. En þann 17. janúar 2012 fór bensínbíll á hliðina í Hestfirði.
 - Erindi frá fulltrúum úr foreldrafélagi leikskólans Sólborgar og slysaári vegna girðingar í kringum leikskóla sem er á kafi í snjó. Við eftirlit þann 18. janúar var bent á að við þær aðstæður uppfyllir girðing, leiktæki og lóð ekki þær kröfur sem gerðar eru til leikskóla.
 - Raki og mygla í húsum. Í kjölfar umræðu um málefnið í fjölmiðlum hafa margir leitað til eftirlitsins. Almennar leiðbeiningar eru að koma í veg fyrir leka. Eftir það þarf að fjarlægja rakaskemmt efni, þrifa og mála yfir myglu og auka loftun.
 - Vatnsveita Hólmavíkur. Dreifing á búfjáraþurði á vatnsverndarsvæði- Neysluvatn er dýrmætasta auðlind hvers sveitarfélags og því ástæða til að umgangast vatnsból með varúð og virðingu. Það þarf að liggja fyrir hvaða starfsemi er leyfð á vatnsverndarsvæðinu og eins væri æskilegt að sveitarfélagið setji sér reglur um umgengi og starfsemi á verndarsvæði vatnsbóla.
 - Skil heilbrigðiseftirlits Vestfjarða á áætlun til Matvælastofnunar um matvælaeftirlit fyrir árið 2013. Á skrá eru 291 fyrirtæki á matvælasviði.
 - Ósk um upplýsingar vegna umhverfiseftirlits með bensínstöðvum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Fjórar stöðvar eru með tanka sem eru komnir á aldur og til viðbótar eru tvær sem ekki uppfylla kröfur.
 - Neysluvatnssýni Húsavík. Áminning og krafa um úrbætur, lokafrestur til 27.mars.
 - Bréf frá æðarræktarfélaginu Dúnlandi, ábending um að fiskúrgangur sé ekki losaður í sjó frá landvinnslum.
9. Starfsleyfi fyrirtækja
- Eftirtöldum er veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár

190963-4469-	Dagný Þrastardóttir	Ísafjörður	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, lítið (heimagisting < 16 rúm og heimiliseldhús)
--------------	---------------------	------------	--

- Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. skv. rgl. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. verklagsreglur við auglýsingu nr. 582/2000 frá umhverfisráðuneytinu. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.
-

Kennitala	Heiti	Sveitarfélag	Heiti atvinnugreinar
650603-3030-	ÍS 47 ehf	Ísafjörður	Land- og kvíaeldi

571007-1690-001	Kampi ehf - Bolungarvík	Bolungarvík	Heitloftspurrkun fiskafurða
570192-2139-	Gámaþjónusta Vestfjarða - Grænigarður	Ísafjörður	Endurvinnsla úrgangs
500269-3249-	Olíuverslun Íslands hf - Hólmavík	Strandabyggð	Bensínstöðvar, sjálfvirkar
570192-2139-	Gámaþjónusta Vestfjarða - Vesturbyggð	Ísafjörður	Sorpflutningar og sorphirða

10. Tækifærisleyfi

- Kvenfélagið Hvöt, umsögn um tækifærisleyfi fyrir Félagsheimilið í Hnífsdal 2. febrúar
- Einarshús ehf., umsögn um tækifærisleyfi fyrir Einarshús í Bolungarvík 1. janúar
- Dakis ehf., umsögn um tækifærisleyfi fyrir Húsið Ísafirði 1.janúar
- Dakis ehf., umsögn um tækifærisleyfi fyrir Félagsheimilið Hnífsdal 27. desember.
- Dakis ehf., umsögn um tækifærisleyfi fyrir Húsið Ísafirði 27. desember
- Ævar Einarsson, umsögn um tækifærisleyfi fyrir Félagsheimilið á Suðureyri 1. janúar
- Sveitasælan ehf., umsögn um tækifærisleyfi fyrir Edinborgarhúsið 1. janúar
- Slysavarnardeildin Gyða, Bíldudal, umsögn um tækifærisleyfi fyrir félagsheimilið Baldurshaga Bíldudal 9. febrúar.
- Átthagafélag Sléttuhreppinga, umsögn um tækifærisleyfi fyrir Félagsheimilið í Hnífsdal. 16. febrúar
- RFB stúkan nr. 6 Þórey , umsögn um tækifærisleyfi fyrir félagsheimili Oddfellowa 2. febrúar.
- Jóhannes Kristjánsson, umsögn um tækifærisleyfi fyrir Íþróttahús á Flateyri 9. febrúar.
- Björgunarsveitin Dýri, umsögn um tækifærisleyfi fyrir Félagsheimilið Þingeyri 16. febrúar.

11. Tóbakssöluleyfi

- Guðmundur H Helgason – Sveitasæla ehf., Aðalstræti 7, Ísafirði gildir til 20. desember 2016.

12. Tímabundin starfsleyfi vegna brennu

540596-2639	Áramótabrenna Hnífsdal	Helgi Hjartarson	410	Hnífsdalur	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Flateyri	Björn Reynir Gunnarsson	425	Flateyri	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna
261066-8319	Áramótabrenna Tálknafirði	Eyrún Ingibjörg Sigþorsdóttir	460	Tálknafirði	Tálknafirði	31.des	áramótabrenna

510694-2369	Áramótabrenna Bíldudal	Ásthildur Sturludóttir	465	Bíldudal	Vesturbyggð	31.des	áramótabrenna
510694-2369	Áramótabrenna Patreksfirði	Ásthildur Sturludóttir	450	Patreksfjörður	Vesturbyggð	31.des	áramótabrenna
161159-5849	Áramótabrenna Bolungarvík	Elías Jónatansson	415	Bolungarvík	Bolungarvík	31.des	áramótabrenna
161159-5849	Þrettándabrenna	Elías Jónatansson	415	Bolungarvík	Bolungarvík	6.jan	tækifærisbrenna
71090-2079	Áramótabrenna Drangnesi	Halldór Logi Friðgeirsson	520	Drangnes	Kaldrananeshreppur	31.des	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Suðureyri	Valur Sæþór Valgeirsson	430	Suðureyri	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna
180585-2149	Áramótabrenna Hólmavík	Pétur Matthíasson	510	Hólmavík	Hólmavík	31.des	áramótabrenna
200265-3479	Áramótabrenna Reykhólum	Egill Sigurgeirsson	380	Reykhólum	Reykhólahreppur	31.des	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Þingeyri	Þórir Örn Guðmundsson	470	Þingeyri	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Suðurtanga Ísafirði	Ari Kristinn Jóhannsson	400	Ísafjörður	Ísafjörður	1.jan	áramótabrenna
540596-2639	Áramótabrenna Hauganesi Ísafirði	Gauti Geirsson	400	Ísafjörður	Ísafjörður	31.des	áramótabrenna
070466-3179	Áramótabrenna Súðavík	Garðar Sigurgeirsson	420	Súðavík	Súðavík	31.des	áramótabrenna
040867-3929	Áramótabrenna Garðstaðagrundum	Þorbjörn Steingrímsson	420	Súðavík	Súðavík	31.des	áramótabrenna

13. Önnur mál

- Anton mun sitja fund um reglusetningu vegna náttúrulegra baðstaða TAIEX evrópu aðlögun
- Starfmenn heilbrigðiseftirlitsins munu sækja TAIEX námskeið í HACCP úttektum (Audit) í matvælafyrirtækjum, Anton í febrúar og Hlynur í mars.
- Fundadagsetningar 2013, tillaga:
 - 1. fundur 8. febrúar Ársreikningur
 - 2. fundur 13.april Matvælaeftirlit – Innra eftirlit
 - 3. fundur 31. maí Fundur í Vesturbyggð um sumarverkefni
 - 4. fundur 30. ágúst Fundur í Strandabyggð um sumarverkefni
 - 5. fundur 11. október Fjárhagsáætlun.
 - 6. fundur 13. desember Viðbrögð við fjárhagsáætlun

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:05